



## **AFREKSÍÞRÓTTASJÓÐUR UNGMENNA Í SKAGAFIRÐI**

### **1. grein**

*Skagafjörður leggur árlega til í sjóð allt að kr. 300.000.- sem ætlaður er til að styrkja börn og ungmenni sem skara fram úr í íþróttum.*

### **2. grein**

*Styrkurinn er ætlaður þeim sem taka þátt í landsliðsverkefnum eða öðru sem jafna má við þátttöku í þeim að mati sérstakrar úthlutunarnefndar, enda hafi slík þátttaka í för með sér veruleg útgjöld þátttakenda og forráðamanna þeirra.*

### **3. grein**

*Hver einstaklingur getur sótt um styrk að hámarki tvisvar á ári. Styrkupp hæð er kr. 25.000.- fyrir hverja ferð sem farin er.*

### **4. grein**

*Skilyrði fyrir úthlutun er að umsækjendur eigi lögheimili í Skagafirði og stundi íþrótt sína á vegum aðildarfélaga UMSS. Sé viðkomandi grein ekki stunduð innan aðildarfélaga UMSS skal umsókn metin sérstaklega.*

### **5. grein**

*Umsókn fylgi staðfesting sérsambands viðkomandi íþróttagreinar á að sérsambandið greiði ekki fyrir ferð eða veiti viðkomandi umtalsverða styrki. Ef slík fyrirgreiðsla sérsambands er fyrir hendi getur ekki komið til úthlutunar úr sjóði þessum.*

### **6. grein**

*Frístundastjóri og sviðsstjóri afgreiða umsóknir sem uppfylla öll skilyrði. Ef álitamál eru uppi um hvort svo sé er umsókn vísað til úthlutunarnefndar sem skipuð er formanni félagsmála- og tómstundanefndar, frístundastjóra og formanni UMSS.*

*Samþykkt á fundi félagsmála- og tómstundanefndar 10.nóvember og sveitarstjórn 14.desember 2022*